

134

8. ágúst

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa er 31. maí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkv. 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjölm til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

21. gr.

22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 500 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum gegn reglugerðinni skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

135

8. ágúst

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæða og markmið.

1. gr.

Búnaðarsambandi Austurlands sé skipt í eftirfarandi samþykktarsvæði og ræktunarfélög:

1. Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps;
2. Búnaðarfélag Vopnafjarðahrepps;
3. Búnaðarfélag Jökuldalshrepps, Búnaðarfélag Hlíðahrepps, Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps, Búnaðarfélag Fellahrepps og Búnaðarfélag Tunguhrepps;
4. Búnaðarfélag Skriðdalshrepps, Búnaðarfélag Vallahrepps, Búnaðarfélag Eiðahrepps og Búnaðarfélag Hjaltastaðahrepps;
5. Búnaðarfélag Borgarfjarðahrepps;
6. Búnaðarfélag Loðmundarfjarðahrepps;
7. Búnaðarfélag Seyðisfjarðahrepps og Búnaðarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar;
8. Búnaðarfélag Mjóafjarðahrepps;
9. Búnaðarfélag Norðfjarðahrepps og Búnaðarfélag Neskaupstaðar;
10. Búnaðarfélag Helgustaðahrepps, Búnaðarfélag Eskifjarðahrepps og Búnaðarfélag Reyðarfjarðahrepps;
11. Búnaðarfélag Fáskrúðsfjarðahrepps og Búnaðarfélag Búðahrepps;

12. Búnaðarfélag Stöðvarhrepps;
13. Búnaðarfélag Breiðdalshrepps og Búnaðarfélag Beruneshrepps;
14. Búnaðarfélag Búlandshrepps og Búnaðarfélag Geithellnahrepps;
15. Búnaðarfélag Bæjarhrepps, Búnaðarfélag Nesjahrepps og Búnaðarfélag Hafnar-
kaupþúns;
16. Búnaðarfélag Mýrahrepps og Búnaðarfélag Borgarhafnarhrepps;
17. Búnaðarfélag Hofshrepps.

135

8. ágúst

2. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag fyrir sig tekur að sér, með aðstoð og undir yfirumsjón Búnaðarsambands Austurlands á þann hátt, sem nánar er fram tekið í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni, er nái til allra jarða á samþykktar-svæðinu, eftir því sem bezt á við á hverjum stað, að undanskildum þeim jörðum, er falla kunna undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54 4. júlí 1942, um búferla-flutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðar framræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsnum, þar sem þess er þörf.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykktarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar lands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein 2. tölul.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum.

Búnaðarsamband Austurlands leggur ræktunarsamböndunum eða ræktunarfélögunum til án endurgjalds, faglega aðstoð eftir megni.

Allar framkvæmdir samkvæmt þessari grein, 1. til 4. lið, skulu gerðar eftir fyrirsögn Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI

Skipun og verksvið framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Stjórnarnefndarmenn þeirra hrepps-búnaðarféлага, er standa saman um ræktunarsamþykkt, mynda fulltrúaráð fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið, þar sem ræktunarfélagið tekur aðeins yfir eitt búnaðarfélag, kemur aðalfundur þess í stað fulltrúaráðs. Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag velur sér þriggja manna framkvæmdastjórn. Þar sem fleiri en þrjú búnaðarfélög eru í einni ræktunarsamþykktarheild, er þó heimilt að hafa fimm manna framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn skal valin þannig:

- a. Þar sem ræktunarsvæðið tekur aðeins yfir eitt búnaðarfélag, skal kjósa framkvæmdastjórn á aðalfundi félagsins.
- b. Þar sem tvö eða fleiri búnaðarfélög eru á sama ræktunarsvæði skal framkvæmdastjórn kosin af fulltrúaráði, þ. e. stjórnarnefndarmönnum hlutaðeigandi búnaðarfélags á sameiginlegum fundi þeirra. Kosning gildir til þriggja ára. Úr þriggja manna framkvæmdastjórn gengur einn maður árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, en síðan í röð eftir starfsaldri. Úr fimm manna stjórn ganga tveir menn fyrsta árið og tveir annað árið eftir hlutkesti, en síðan árlega í rétttri röð eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.

4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður boðar til allra funda og stjórnar þeim. Ritari sér um bókun fundargerða. Gjaldkeri hefur á hendi reikningshald

135 fyrir allar þær framkvæmdir, sem gerðar eru á grundvelli samþykktarinnar, og 8. ágúst annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns.

5. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast kaup á nauðsynlegum vélum og verkfærum til skurða og lokræsagerðar, svo og á jarðvinnsluvélum, en skylt er henni, sbr. 8. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, að hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins um kaup og val vélanna.

6. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags sér um kaup á öllu því, er með þarf til reksturs og viðhalds þeim vélum og áhöldum, sem keypt verða. Henni ber að hafa þau tryggð fyrir fjárhæð, er svarar til verðgildis þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

7. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags annast um allan rekstur vélanna. Henni ber að gera og undirrita alla verktökusamninga við hina einstöku framkvæmdaaðila á samþykktarsvæðinu, og ákveða á hvaða tíma og í hverri röð verkefnin eru tekin, er unnið skal að.

8. gr.

Stjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags ræður starfsmenn, ákveður launakjör þeirra og hefur umsjón með öllum jarðræktarframkvæmdum. Heimilt er þó stjórninni að ráða framkvæmdastjóra til eins árs í senn. Getur hún með erindisbréfi falið honum framkvæmdastjórn um daglegan rekstur og umsjón með verkstjórn vinnuflokka.

9. gr.

Allir þeir samningar, er framkvæmdastjórn gerir fyrir hönd ræktunarsambands eða ræktunarfélags síns samkvæmt samþykktum eða ályktunum aðalfundar, eru skuldbindandi fyrir ræktunarsambandið eða ræktunarfélagið í heild, þótt þeir hafi ekki sérstaklega verið undir það bornir eða einstök búnaðarfélög þess.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi ræktunarsambandsins.

III. KAFLI

Um tilhögun framkvæmda.

10. gr.

Skylt er stjórnnum hreppabúnaðarfélaganna, hverri á sínu svæði, að skrá verkeiðnir félagsmanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skal þar tilgreint, hverjar jarðabætur óskað er, að unnar séu á því ári, svo og verkmagn þeirra, eftir því sem næst verður komið. Skýrslum þessum ber að skila til framkvæmdastjórnar hlutaðeigandi ræktunarsambands eða ræktunarfélags fyrir 1. febrúar ár hvert.

Skýrslunni fylgi frá verkkaupendum greiðsluskuldbinding hvers þeirra fyrir sig, og enn fremur yfirlýsing félagsstjórnar hreppabúnaðarfélagsins um það, að félagið takist á hendur ábyrgð á greiðslum félagsmanna sinna fyrir þau verk, er hjá þeim verða unnin á því starfsári.

11. gr.

Að fengnum þeim skýrslum, er um ræðir í 10. gr., ber framkvæmdastjórn hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags að semja starfs- og rekstursáætlun fyrir yfirstandandi ár. Rísi ágreiningur innan ræktunarsambandsstjórnar um veigamikil

atriði í framkvæmdaáætlun, ber að leggja hann fyrir næsta aðalfund ræktunar-sambandsins til úrskurðar. **135**

Framkvæmdastjórn er skylt að framfylgja samþykktri starfsáætlun, svo sem við verður komið. **8. ágúst**

12. gr.

Við undirbúning framkvæmdaáætlunar sé þess sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði í flutningi véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé að öðru jöfnu látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, er brjóta á til ræktunar hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla bithaga í stærri stíl komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garð- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji eigi jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyfengur verði tekinn á vélfæru landi.

IV. KAFLI

Um verðlagsákvarðanir og greiðslu kostnaðar.

13. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist á eftirgreindan hátt:

1. Sameiginleg framræsla fleiri jarða greiðist af þeim, er hagsmuna njóta af framkvæmdinni, eftir flatarmáli þess lands, er nýtur hags af verkinu. Þó skal taka tillit til þess, ef um einhverja sérstöðu er að ræða. Verði ágreiningur um þessi atriði, skal úr honum skorið með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna.
2. Framkvæmdir á einstökum jörðum skulu greiddar af verkkaupanda, eftir þeim skildaga, og á þann hátt, sem fram verður tekið í verktökusamningi.

Heimilt er stjórn ræktunarsambanda eða ræktunarfélaga að láta greiðslur fara fram eftir áætluðum verktöxtum, meðan verkið stendur yfir ár hvert, en fullnaðargreiðsla sé byggð á tilkostnaðarverði, eins og það verður samkvæmt rekstrarreikningi hvers árs. Áætlaðir verktaxtar séu miðaðir við tímaeiningu.

14. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, allur reksturskostnaður véla og greiðslur fyrningargjalds af þeim, kostnaður við flutninga þeirra milli vinnustaða, viðhald véla, er stafar af eðlilegu sliti þeirra, vaxtagreiðslur, kostnaður við verkstjórn og stjórnarkostnaður.

Heimilt er aðalfundi ræktunarsambands eða ræktunarfélags að ákveða og leggja á framkvæmdakostnað áhættuþóknun, er nemi allt að 5% af heildarkostnaði hvers árs.

15. gr.

Aðalfundur ræktunarsambands eða ræktunarfélags getur heimilað framkvæmdastjórn að taka ákveðin verk, sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar samþykktar í ákvæðisvinnu, enda sé lögð fyrir aðalfund kostnaðaráætlun og verklýsing á því, sem vinna á.

16. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn á þeim tímum, sem ekki er unnt að vinna að skurðgrefti, lókræsagerð eða jarðvinnslu fyrir samþykktaraðila að taka að sér

- 135** verk fyrir búendur, hreppsfélög eða aðra aðila á sambandssvæðinu, þótt þau falli ekki undir ákvæði annarrar greinar, ef tryggt er að það sé hagkvæmt fyrir búnaðarsambandið og einkum fyrir samþykktarsvæðið, enda sé tryggt að vélakostur sé ekki festur við þessi störf, svo að brjóti í bága við hagsmunum samþykktaraðila.

17. gr.

Rekstursafgangur og áhættubóknun, svo og ef ágóði verður af ákvæðisvinnu eða þeim verkum, er um getur í 16. gr., skal leggjast í stofnsjóð ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins og varið samkvæmt ákvæðum þeim, er um hann gilda, sbr. 18. gr.

V. KAFLI

Fjáröflun og tryggingar.

18. gr.

Hvert ræktunarsamband eða ræktunarfélag myndar stofnsjóð til vélakaupa. Fer upphæð stofnfjár eftir þörfinni á hverjum stað. Stofnfjár skal aflað þannig:

1. Hreppabúnaðarfélögin á samþykktarsvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag upphæð, er nemur hið minnsta $\frac{1}{4}$ hluta alls stofnfjárins samkv. 1.—4. lið. Þar sem ræktunarsamband kaupir skurðgröfu styrkir Búnaðarsamband Austurlands það með óafturkræfri upphæð, er nemur allt að $\frac{1}{4}$ hluta af kaupverði hennar, enda sé fé ætlað fyrir því í fjárhagsáætlun sambandsins.
 2. Í stofnsjóð renna óafturkræf frjáls fjárframlög frá einstaklingum eða öðrum aðilum.
 3. Með sameiginlegu stofnláni, sem tryggt er með sameiginlegri ábyrgð ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins. Skulu slík stofnlán endurrgreidd innan 5 ára.
 4. Styrkur úr framkvæmdasjóði ríkisins til vélakaupa rennur í stofnsjóð jafnóðum og hann greiðist.
- Árlegar tekjur stofnsjóðs eru:
- a. Tekjur þær, sem inn koma samkv. ákvæðum 17. gr.
 - b. Vaxtatekjur og aðrar tekjur, er til sjóðsins kunna að falla.

19. gr.

Stofnfjárframlag hreppsbúnaðarfélaga greiðist inn til framkvæmdastjórnar, þá er samþykkt hefur öðlazi gildi. Framlag hvers hreppsbúnaðarfélags skal greitt í hlutföllum við fasteignamat lands og ræktunarlóða. Þó skal hver verðeining ræktunarlóða aðeins bera hálfan gjaldþunga móti einingu í öðru landverði.

20. gr.

Komi í ljós síðar að auka þurfi framkvæmdastjórnar, ber henni að gera rökstuddar tillögur um stofnfjáraukningu til stjórnar búnaðarfélaganna á ræktunarsvæðinu, en þær leggja tillögunar fyrir almennan fund í félögunum til samþykktar. Að fenginni meiri hluta samþykkt í hlutaðeigandi búnaðarfélögum skal tillagan borin upp á aðalfundi ræktunarsambands eða ræktunarfélagsins. Verði hún samþykkt þar með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæða, er hún bindandi fyrir hreppabúnaðarfélögin.

21. gr.

Heimilt er framkvæmdastjórn að taka reksturslán gegn tryggingum í þeim jarðræktarstyrk, er á umbætur verður greiddur úr ríkissjóði, samkv. ákvæðum II. og V. kafla jarðræktarlaga.

22. gr.

Skýlt er samþykktaraðilum að hafa greitt framkvæmdastjórn $\frac{3}{5}$ af áætluðu kostnaðarverði að frádregnum væntanlegum jarðabótastyrk þeirrar vinnu, er þeir hafa pantað, áður en verkið er hafið. Eftirstöðvarnar greiðast á gjalddaga, er verk-tökusamningur ákveður.

135

8. ágúst

VI. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og yfirstjórn fjármála.

23. gr.

Reikningsár hvers ræktunarsambands eða ræktunarfélags er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega að endurskoðun hafi farið fram áður en aðalfundur ræktunarsambandsins er haldinn. Skulu endurskoðendur sannprófa, að reikningum beri saman við bækur framkvæmdastjórnar.

24. gr.

Endurskoðendur séu tveir kjörnir á aðalfundi ræktunarsambandsins til eins árs í senn. Þeir skulu kynna sér reikninga sem bezt og hafa eftirlit með starfrækslu framkvæmdastjórnar í hvívetna.

25. gr.

Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram til samþykktar á aðalfundi ræktunarsambandsins eða ræktunarfélagsins, er haldinn skal eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Þar gefur framkvæmdastjórn skýrslu um starfsemina, svo og endurskoðendur ef tilefni er til þess.

26. gr.

Búnaðarsamband Austurlands hefur yfirumsjón með fjárhag og reikningshaldi allra ræktunarsambanda á sínu svæði. Þá er reikningar ræktunarsambands hafa verið samþykktir á aðalfundi þess, skal senda þá til stjórnar Búnaðarsambandsins til athugunar og yfirendurskoðunar. Verði ágreiningur milli stjórnar Búnaðarsambands Austurlands annars vegar og framkvæmdastjórnar ræktunarsambandsins hins vegar, skal úr þeim ágreiningi skorið á aðalfundi Búnaðarsambandsins.

VII. KAFLI

Um breyting samþykktar og hvernig samþykkt verði úr gildi felld.

27. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma til breytinga á samþykkt þessari frá hreppa-búnaðarfélagum eða framkvæmdastjórn, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Austurlands, er sendir þær til allra búnaðarfélaga á sambandssvæðinu til umsagnar. Þær skulu síðan lagðar fyrir aðalfund Búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfest-ingar landbúnaðarráðherra á þeim.

28. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um það, að tilgangi samþykktar verði ekki náð og lög-mætur aðalfundur Búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

29. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál. Geta þau varðað sektum frá 100—5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

135

30. gr.

8. ágúst

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Sérstakt ákvæði.

Þá er samþykkt þessi, og þar með skipting sambandsins í samþykktarsvæði, hefur hlotið staðfestingu, getur hvert ræktunarsvæði innan þess ramma, er heildarsamþykkt þessi markar, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Ber að haga samþykkt að öllu í samræmi við fyrirmæli laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir, svo og samþykkt þessa.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

136

REGLUGERÐ

8. ágúst

um holræsi í Húsavíkurhreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að, eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skulp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupsinsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald, um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 600.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 600.00.

Auk tengigjalds af hverri húseign, sem tengd er við holræsakerfi hreppsins, skal húseigandi greiða í árlegt holræsagjald til hreppsins kr. 25.00 af hverju húsi og enn fremur 5% af fasteignamati húsanna.